

Lög

um heimild til fjárhagslegrar fyrirgreiðslu úr ríkissjóði í tengslum við málshöfðun fyrir erlendum dómstólum vegna íþyngjandi stjórnvaldsákvarðana erlendra stjórnvalda á tímabilinu 1. október til 1. desember 2008.

1. gr.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, er samkvæmt lögum þessum heimilt að veita fjárhagslega fyrirgreiðslu til að standa undir kostnaði af undirbúningi og rekstri dómsmála, sem kveðið er á um í 2. gr., fyrir erlendum dómstólum.

Fyrirgreiðsla sú sem mælt er fyrir um í 1. mgr. skal byggjast á samningi milli aðila og getur meðal annars falið í sér beinan fjárhagslegan styrk, lánveitingu eða fjárhagslega aðstoð að öðru leyti.

2. gr.

Skilyrði fyrir veitingu fjárhagslegrar fyrirgreiðslu skv. 1. gr. eru eftirfarandi:

- a. að fyrirhuguð málshöfðun lúti með einhverjum hætti að lögmæti íþyngjandi stjórnvaldsákvörðunar eða stjórnvaldsathafnar erlends stjórnvalds á tímabilinu 1. október til 1. desember 2008 í garð íslenskra lögaðila,
- b. að ætla megi að með málshöfðun fáiist niðurstaða sem sé mikilvæg fyrir íslenska almannahagsmuni og væri mögulega til þess fallin að styrkja hagsmuni Íslands á erlendri grundu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi skulu endurskoðuð fyrir árslok 2009.

Samþykkt á Alþingi 20. desember 2008.